

Starfshópur um endurskoðun kosningalaga
24. fundur fimmtudaginn 28. nóvember 2019 kl. 8.30
Nefndasvið Alþingis.

FUNDARGERÐ

Mætt: Bryndís Hlöðversdóttir (BH), Þórir Haraldsson (ÞH), Magnús Karel Hannesson (MKH) og Indriði B. Ármannsson (IBÁ). Þorvaldur Heiðar Þorsteinsson boðaði forföll. Einnig sat fundinn Þórhallur Vilhjálmsson (ÞV) og Laufey Helga Guðmundsdóttir (LHG) sem jafnframt ritaði fundargerð.

1. Fundargerð síðasta fundar.

Samþykkt.

2. Athugasemdir við frumvarpsdrög.

Yfirferð athugasemda við frumvarpsdrög sem borist hafa frá nefndarmönnum og yfirlesara:

- Ákveðið að breyta orðalagi markmiðsákvæðis og taka út „virkt“ í „virkt lýðræði“.
- Ákveðið að frestur til að senda inn umsókn um að komast á kjörskrá fyrir sveitarstjórnarkosningar (námsmenn á Norðurlöndum) verði 36 dagar fyrir kjördag.
- Ákveðið að fella brott 11. gr. frv. um mörk kjördæma við forsetakjör og þjóðaratkvæðagreiðslu. Kjördæmi hafa ekki þýðingu við forsetakjör og þjóðaratkvæðagreiðslu. Tilvísun laga um framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslna og laga um forsetakjör er vegna stjórnýslu kosninganna þar sem yfirkjörstjórnir kjördæma gegndu ákveðnu hlutverki við forsetakjör og þjóðaratkvæðagreiðslur. Þar sem í frumvarpinu er lagt til að stjórnýslu kosninga verði breytt, atkvæði talin á kjörstöðum, er ákveðið að fella brott 11. gr. frv.
- Ákvæðið að bæta við málsgrein í ákvæði um verkefni landskjörstjórnar svo skýrt sé hvaða verkefni yfirkjörstjórn sveitarfélags fer með við sveitarstjórnarkosningar.
- Ákveðið að setja ekki inn hæfisskilyrði fyrir fulltrúa Sambands íslenskra sveitarfélaga í úrskurðarnefnd kosningamála. Hinir tveir nefndarmennirnir eru lögfræðingar og því gott að halda sig við hæfisskilyrðið um að þriðji nefndarmaðurinn skuli hafa reynslu af framkvæmd kosninga.
- Ákveðið að breyta ákvæði um hæfi kjörstjórnarmanna að tillögu ÞV á þeim grundvelli að ásýnd kosninga þurfi að vera hafið yfir allan vafa.
- Ákveðið að breyta ákvæði um varamenn í kjörstjórn að tillögu ÞV.
- Ákvæði um kjördag alþingiskosninga rætt og sérstaklega hvaða þýðingu „þó að einstöku kosningar hafi ekki farið fram á þeim degi“.

Ákveðið að taka út málslið, enda hefur það ekki efnisbreytingar í för með sér.

- Ákveðið að kjörskrár verði að vera aðgengilegar almenningi í heild sinni og lagfæringar gerðar á 29. gr. frv.
- Rætt um 30. gr. frv. um aðgang stjórnmalasamtaka að kjörskrá og ákvæði einfaldað.
- Rætt um hvaða breytingar þurfi að gera á frumvarpi, 38.-42. gr., þegar tillögur nefndar forsætisráðherra um frumvarp til laga um starfsemi stjórnmalasamtaka lítur dagsins. ljós.
- A- og d-liður 39. gr. frv. um framboðslista sameinaðir.
- Rætt um ákvæði frumvarps er lýtur að því að einungis einn framboðslisti komi fram fyrir sveitarstjórnarkosningar. Ákveðið að setja inn varnagla þannig að komi fram nýr framboðsfrestur eftir tveggja sólarhringa framlengingu yfirkjörstjórnar, fái það framboð viðbótar fjögurra daga frest til að uppfylla skilyrði 39. gr. frv.

3. Önnur mál.

Næsti fundur verður 6. desember 2019 kl. 8.30.

Fundi slitið kl. 10:05.